

# Frumvarp til laga

## um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

---

### 1. gr.

1. mgr. 5. tölul. 2. gr. laganna orðast svo:

Félögum skv. 1.–4. tölul. sem ekki eru skráð hér á landi en eiga hér heimili, öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. tölul. 4. gr., svo og dánarbúum og þrotabúum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu frumvarpi er lögð til breyting á 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og miðar sú breyting að því að kveða skýrt á um almenna aðsetursreglu varðandi ótakmarkaða skattskylda lögaðila.

Lagt er til að tekin verði af tvímæli um að aðsetursregla sem er að finna í 2. mgr. 5. tölul. 2. gr. taki einnig til annarra töluliða greinarinnar og þar með allra lögaðila sem á hvílir skylda til að greiða tekjuskatt og eignarskatt á Íslandi. Í fimm töluliðum í 1. mgr. greinarinnar eru taldir þeir lögaðilar sem á hvílir skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru. Er breyting þessi lögð til í kjölfar úrskurðar yfirskattanefndar frá því í október 2004. Er með þessu verið að tryggja Íslandi skattlagningarrétt í þeim tilvikum þegar lögaðilar sem upp eru taldir í 1.–4. tölul. greinarinnar eru skráðir erlendis, en telja heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þeirra er hér á landi. Með þessu er lögð áhersla á að skattskylda lögaðila markast ekki af formreglum einum saman, eins og skráningu, heldur einnig af efnisviðmiðum.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003,  
um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er skýrt kveðið á um almenna aðsetursreglu varðandi ótakmarkaða skattskyldu lögaðila hér á landi. Verði frumvarpið að lögum hefur það ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.